



1. útgáfa 17.03.2015

# Öryggisblað (MSDS)

Samkvæmt reglugerð Nr. 750/2008

## 1. Auðkenning efnisins eða blöndunnar og félagsins eða fyrirtækisins

<b>1.1 Vörukenni:</b>	<b>Antrancine BHT</b>		
<b>Vörunúmer:</b>	-		
<b>1.2 Viðeigandi og tilgreind notkun efnis eða blöndu og notkun sem ráðið er frá:</b>			
<b>Viðeigandi notkun</b>	Andoxunarefni.		
<b>Notkun sem ráðið er frá</b>	Engar upplýsingar fyrirleggjandi.		
<b>1.3 Söluaðili:</b>	<b>N1</b>	<b>Framleiðandi:</b>	IMCD Benelux B.V.
	Dalvegur 10-14		Wilhelminaplein 32
	201 Kópavogur		3072 DE Rotterdam
			Holland
<b>Sími:</b>	535 9000		00-31-10-290-8600
<b>Netfang:</b>	<a href="mailto:n1@n1.is">n1@n1.is</a>		<a href="mailto:sds@imcdgroup.com">sds@imcdgroup.com</a>
<b>Veffang:</b>	<a href="http://www.n1.is">www.n1.is</a>		<a href="http://www.imcdgroup.com">www.imcdgroup.com</a>
<b>1.4 Neyðarsímanúmer:</b>	Eitrunarmiðstöð LSH veitir upplýsingar allan sólarhringinn um viðbrögð við slysum með hættuleg efni. Sími 543 2222. Neyðarlínan, lögregla, slökkvilið, sjúkraflutningar; sími 112.		

## 2. Hættugreining

### 2.1 Flokkun efnisins eða blöndunnar:

Flokkun skv. reglugerð EB 1272/2008 (CLP):

H400	Mjög eitrað lífi í vatni	Eit.á vatn 1
H410	Mjög eitrað lífi í vatni með langvinnum áhrifum	Langv.eit. á vatn 1

Flokkun skv. tilskipunum EB 67/548 og 1990/45 (með síðari breytingum). (Ísl. reglugerð 236/1990 með síðari breytingum):

N	H50/53	Mjög eitrað vatnalífverum, getur haft skaðleg langtímaáhrif á lífríki í vatni
---	--------	---

### 2.2 Merkingaratriði:

Merking skv. reglugerð EB 1272/2008 (CLP):

Hættutákn



Viðvörðunarorð

**VARÚÐ**

Hættusetningar

H410

Mjög eitrað lífi í vatni með langvinnum áhrifum

Varnaðarsetningar

P102

Geymist þar sem börn ná ekki til.

P273

Forðist losun út í umhverfið.

P391

Safnið upp því sem hellist niður.

P501

Fargið innihaldi/íláti hjá viðurkenndri spilliefnamóttöku.

### 2.3 Aðrar hættur:

Sjá einnig 11. og 15. lið.

### 3. Samsetning innihaldsefna / upplýsingar um innihaldsefni

3.1 Efni: Á ekki við

3.2 Blöndur:

2,6-dí-tert-bútýl-p-kresól			
Skráningarnúmer ECHA	-	Innihald %	100
Raðnúmer	-	Varnaðarmerki:	N
EINECS, ELINECS	232-273-9	H-setningar	H50/53
CAS	8001-21-6	Flokkun, hættumerking	Hættulegt umhverfinu
Hættuflokkun/Hættusetningar (CLP)			
Bráð eit.á vatn - H400, Langv.eit.á vatn 1 - H410			

Annað:

Sjá texta H-setninga í 16. lið. Sjá flokkun efnisins í 2. lið.

### 4. Ráðstafanir í skyndihjálpi

4.1 Lýsing á ráðstöfunum í skyndihjálpi:

Innöndun	Tryggið ferskt loft. Haldið hinum slasaða rólegum og heitum. Veitið öndunaraðstoð, reynist það nauðsynlegt. Leitið lækniástoðar, sé einhver vafi um ástand hins slasaða. Gefið súrefni eða beitið öndunarbúnaði við öndunarerfiðleika eða -stöðvun. Leggið hinn slasaða í læsta hliðarstillingu og leitið lækniástoðar. Haldið öndunarvegi opnum. Losið þröngan fatnað svo sem bindi, kruga og belti. Beitið ekki blástursaðferð vegna eitrunarhættu.
Snerting við húð	Hreinsið húð vandlega með sápu og miklu vatni og síðan með nægu pólýetýlen glýkóli 400, og aftur með vatni og sápu. Fjarlægið mengaðan fatnað og skó og hreinsið vandlega áður en notkun hefst að nýju. Leitið lækni hverfi einkenni ekki fljótlega.
Snerting við augu	Skolið strax með miklu vatni í a.m.k. 15. mín. og haldið augum vel opnum. Leitið lækni ef einkenni hverfa ekki fljótlega. Fjarlægið augnlinsur fyrir skulun.
Inntaka	Skolið munn með vatni (sé hinn slasaði við meðvitund) og gefið vatn að drekka. Haldið hinum slasaða rólegum og heitum. Leitið lækni verði vart við einkenni. Reynið aldrei að koma nokkru ofan í meðvitundarlausu fólk. Við meðvitundarleysi skal leggja hinn slasaða í læsta hliðarstillingu og leita lækniástoðar. Haldið öndunarvegi opnum. Losið þröngan fatnað svo sem bindi, kruga og belti. Framkallið ekki uppköst, nema að lækni ráði. Hættið ef hinum slasaða er óglatt þar sem uppköst geta reynst hættuleg.
Til hjálparliða	Gætið ávallt að eigin öryggi þegar um er að ræða váhrif af völdum efnavara. Notið persónuhlífar. Hreinsið húð þegar hjálparstarfi er lokið.

4.2 Helstu skaðleg einkenni og áhrif, bæði bráð og tafin:

Almennt	Langvarandi og endurtekin váhrif: Höfuðverkur, útbrot á húð.
Innöndun	Hár styrkur: Erting í öndunarvegi og slímhúðum í nefi.
Snerting við húð	Útbrot og roði.
Snerting við augu	Væg erting.
Inntaka	Uppköst. Ónot í meltingarfærum. Ógleði. Inntaka eða aðsog mikils magns: Þróttleysi, svimi, skert meðvitund.

4.3 Upplýsingar um tafarlausa lækniúmmönnun og sérstaka meðferð sem þörf er á:

Upplýsingar eru ekki fyrirliggjandi.

### 5. Ráðstafanir vegna slökkviaðgerða

5.1 Slökkvibúnaður:

Hentugur slökkvibúnaður: Froða, vatnsúði, slökkviduft, kælið umbúðir með vatnsúða.

Óhentugur slökkvibúnaður: Beinn vatnsgeisli.

## 5.2 Sérstakar hættur af völdum efnisins eða blöndunnar:

Varan er stöðug við venjulega notkun.

Við bruna myndast ertandi, eitraðar og daunillar gufur, þ.á.m. kolmónoxíð og koldíoxíð.

Rýmið brunasvæði. Aðhafist ekkert sem getur haft hættu í för með sér, sé nægileg þjálfun ekki fyrir hendi. Mjög eitrað lífi í vatni. Safnið saman menguðu slökkvivatni. Losið ekki í niðurföll eða vatnsból.

## 5.3 Ráðgjöf fyrir slökkviliðsmenn:

Tryggið að notendur átti sig á hættu samfara bruna þessarar vöru. Forðist innöndun og snertingu við húð.

Rýmið brunasvæði. Aðhafist ekkert sem getur haft hættu í för með sér, ef sé nægileg þjálfun ekki fyrir hendi. Mjög eitrað lífi í vatni. Safnið saman menguðu slökkvivatni. Losið ekki í niðurföll eða vatnsból.

Notið persónuhlífar. Notið sjálfstæðan öndunarbúnað og fullan hlífðarfatnað.

Hreinsið upp efni frá slökkvistarfi og mengað vatn skv. 6. lið og fargið skv. 13. lið.

---

## 6. Ráðstafanir ef efni fer óvart til spillis eða er losað fyrir slysi

---

### 6.1 Öryggisráðstafanir fyrir fólk, hlífðarbúnaður og neyðarráðstafanir:

Tryggið góða loftræstingu. Reykið ekki. Forðist innöndun og snertingu við húð og augu.

Rýmið mengað svæði. Notið viðeigandi persónuhlífar, þar á meðal öndunarbúnað.

Aðhafist ekkert sem getur haft hættu í för með sér, sé nægileg þjálfun ekki fyrir hendi.

Losað efni getur myndað hálkubletti. Snertið og gangið ekki í losuðu efni. Sjá liði 7. og 8.

### 6.2 Varúðarráðstafanir vegna umhverfisins:

Stöðvið leka, sé það unnt án áhættu, og dreifingu með byggingu varnargarða. Komið í veg fyrir að efnið berist í niðurföll, grunnvatn eða jarðveg. Tilkynnið Umhverfisstofnun um mengunarslys.

### 6.3 Aðferðir og efni til afmörkunar og hreinsunar:

Hreinsið upp með handverkfærum eða ryksugu. Forðist rykmyndun. Setjið í þar til gerð ílát og fargið sbr. 13.lið. Gangið ekki í losuðu efni. Hreinsið mengað svæði vandlega.

### 6.4 Tilvísun í aðra liði:

Sjá liði 8. og 13.

---

## 7. Meðhöndlun og geymsla

---

### 7.1 Varúðarráðstafanir um örugga meðhöndlun:

Notið persónuhlífar og hlífðarfatnað. Sjá einnig liði 5. og 8. Reykið ekki.

Tryggið góða loftræstingu. Forðist inntöku, innöndun gufu og snertingu við húð og augu og fatnað. Tæmdar umbúðir geta innihaldið efnaleifar og ryk sem gæti valdið sprengihættu. Forðist rykmyndun. Gætið hreinlætis við meðferð efnavara.

Fylgið leiðbeiningum um meðferð. Hreinsið hendur í vinnuhléum og þegar vinnu er lokið.

Geymið vöruna fjarri matvælum og dýrafóðri. Farið úr menguðum fatnaði og hlífðarbúnaði áður en komið er á svæði þar sem matar er neytt. Hreinsið vandlega áður en notkun hefst að nýju.

Notið viðeigandi persónuhlífar, hanska/klæðnað, augn- og andlitshlífar.

### 7.2 Örugg geymsluskilyrði, þ.m.t. vegna mögulegs ósamrýmanleika:

Geymið í vel luktum og merktum upprunalegum umbúðum á köldum, þurrum, vel loftræstum stað. Geymið fjarri oxurum. Geymið fjarri matvælum, beinu sólarljósi, háu hitastigi og ósamrýmanlegum efnum (sjá lið 10.).

Geymið í uppréttri stöðu til að forðast leka. Æskilegt geymsluhitastig: <40°C.

### 7.3 Sértæk, endanleg notkun:

Liggur ekki fyrir.

---

## 8. Váhrifavarnir / persónuhlífar

---

### 8.1 Takmörkunarfærubreytur:

Upplýsingar liggja ekki fyrir.

## 8.2 Váhrifavarnir:

### Tæknileg atriði

Notið einungis á stöðum með fullnægjandi loftræstingu. Notið lokuð kerfi, punktsog eða aðrar aðferðir til að halda styrk efnisins sem lægstum. Sé þetta ekki nægilegt til að halda styrk undir viðmiðunarmörkum, ætti að nota öndunarbúnað. Það á aðeins við séu viðmiðunarmörk gefin upp í þessum lið. Losið ekki í niðurföll. Forðist losun stöðurafmagns. Forðist rykmyndun.

### Persónuhlífar



Hreinsið húð vandlega eftir meðhöndlun efnavara, áður en nokkurs er neytt, farið er á salerni, og þegar vinnu er hætt. Gætið varúðar þegar farið er úr menguðum fatnaði.

Hreinsið mengaðan fatnað vandlega áður en hann er tekinn aftur í notkun. Sjáið til þess að augnskol og sturtur séu nærri vinnusvæði. Haldið vörinni fjarri matvörum.

### Augnhlífar

Notið hlífðargleraugu af viðurkenndri gerð með hliðarvörn (EN 166).

### Húð - hendur

Notið viðeigandi, efnapolna hlífðarhanska úr gúmmí eða PVC (EN 374).

### Húð - annað

Mælt er með notkun efnahelds langerma vinnufatnaðar (EN 13034).

### Öndunarfæri

Sé loftræsting ófullnægjandi, eða sé úðamyndun til staðar, notið viðurkennda öndunargrímu.

### Umhverfi

Losið ekki í niðurföll. Notið viðeigandi ílát til að forðast mengun umhverfis.

Fylgið reglum um mengunarmörk.

---

## 9. Eðlis- og efnafræðilegir eiginleikar

---

### 9.1 Upplýsingar um eðlis- og efnafræðilega grunneiginleika:

Eðlisástand:	Fast efni, duft
Lykt:	Engin
Litur:	Hvítur
Bræðslumark:	69,8°C
Suðumark:	265°C (1013 hPa)
Blossamark:	127°C
Niðurbrotsmark:	>265°C
Sprengimörk:	Sprengihættuflokkur-ryk: St.2. Mikil sprengihætta ryks. Geigy próf (rúmmáls %)
Gufuþrýstingur (20°C):	0,01 hPa
Eðlismassi (20°C):	1,03 g/cm <sup>3</sup>
Leysanleiki í vatni:	0 g/l
LogPow:	5,1

### 9.2 Aðrar upplýsingar:

---

## 10. Stöðugleiki og hvarfgirni

---

### 10.1 Hvarfgirni:

Stöðugt við venjulegar notkunaraðstæður.

### 10.2 Efnafræðilegur stöðugleiki:

Upplýsingar eru ekki fyrirbyggjandi.

### 10.3 Möguleiki á hættulegu efnahvarfi:

Upplýsingar eru ekki fyrirbyggjandi.

### 10.4 Skilyrði sem ber að varast:

Dagsbirta.

### 10.5 Ósamrýmanleg efni:

Oxarar.

### 10.6 Hættuleg niðurbrotsefni:

Við bruna myndast ertandi, eittraðar og daunillar gufur, þ.á.m. kolmónoxíð og koldíoxíð.

---

## 11. Eiturefnafræðilegar upplýsingar

---

### 11.1 Upplýsingar um eiturefnafræðileg áhrif:

**Bráð eiturrif:**

2,6-dí-tert-bútýl-p-kresól					
	Gildi	Niðurstaða	Eining	Dýrateg/Aðferð	Athugasemdir
Bráð eiturrif, inntaka	LD <sub>50</sub>	>2930	mg/kg	rotta	
Bráð eiturrif, ísog um húð	LD <sub>50</sub>	>2000	mg/kg	kanína	
Húðæting/erting		Væg erting		kanína	
Alvarlegur augnskaði		Væg erting		kanína	
Næming, húð eða öndunarfæri		Neikvætt		hamstur	
Stökkbreytingar kímfuma		Neikvætt			
Eiturrif á æxlunarfæri	NOAEL	100	mg/kg	rotta	inntaka
	NOAEL	500	mg/kg	mús	

**12. Vistfræðilegar upplýsingar****12.1 Eiturrif:**

2,6-dí-tert-bútýl-p-kresól					
	Gildi	Niðurstaða	Tími	Dýrategund	Aðferð
Eiturrif	LC <sub>50</sub>	>0,57 mg/l	96 klst	Fiskar	
Eiturrif	EC <sub>50</sub>	0,61 mg/l	48 klst	Daphnia	OECD 202
Eiturrif á aðrar vatnalífverur	EC <sub>50</sub>	>0,4 mg/l	72 klst		
Eiturrif á aðrar vatnalífverur	EC <sub>50</sub>	>10000 mg/l	3 klst	gerlar	seyra
Eiturrif á aðrar vatnalífverur	NOEC	0,316 mg/l	21 d	Daphnia	OECD 202
Þrávirkni og niðurbrot			4,5% 28 d. (OECD 301C)		
Uppsöfnun í lífverum			Log Pow 5,1 - getur safnast upp		
PBT/vPvB			Neikvætt		

**13. Förgun****13.1 Aðferðir við meðhöndlun úrgangs:**

**Vara** Farga skal efninu samkvæmt gildandi lögum og reglum. Úrgang af efninu skal merkja vel og koma í spilliefnamóttöku. Tæmið umbúðir vandlega. Hellið ekki í niðurföll.

**Óhreinar umbúðir** Óhreinar umbúðir skal meðhöndla eins og vöruna sjálfa.

**14. Upplýsingar um flutninga****ADR:**

**UN Númer** 3077  
**Efnisheiti v. flutninga:** ENVIRONMENTALLY HAZARDOUS SUBSTANCE, SOLID, N.O.S. (2,6-di-tert-butyl-p-cresol)  
**Hættuflokkur:** 9  
**Hættuundirflokkur:** 90  
**Pökkunarflokkur:** III  
**Flutningsmerki:**

**Varúðarmerking**

**Jarðgangaflokkur:** (E)  
**Mengunarhætta:** Já

**IATA:**

**UN Númer** 3077  
**Efnisheiti v. flutninga:** ENVIRONMENTALLY HAZARDOUS SUBSTANCE, SOLID, N.O.S. (2,6-di-tert-butyl-p-cresol)  
**Hættuflokkur:** 9  
**Pökkunarflokkur:** III  
**Mengunarhætta:** Já

**IMDG:**

**UN Númer** 3077  
**Efnisheiti v. flutninga:** ENVIRONMENTALLY HAZARDOUS SUBSTANCE, SOLID, N.O.S. (2,6-di-tert-butyl-p-cresol)  
**Hættuflokkur:** 9  
**Pökkunarflokkur:** III  
**EMS:** F-A, S-F  
**Sjávarmengandi:** Já



---

## 15. Upplýsingar varðandi regluverk

---

### 15.1 Sértek ákvæði/löggjöf fyrir efnið eða blönduna vegna öryggis, heilbrigðis og umhverfis:

Varan fellur undir eftirfarandi reglugerðir: 1907/2006 (REACH), 1272/2008 (CLP), 67/548 EB (DSD), 1999/45 EB (DPD). 2004/42 .  
Íslenskar reglugerðir 236/1990 og 866/210.

### 15.2 Efnaöryggismat:

Efnaöryggismat hefur ekki farið fram.

---

## 16. Aðrar upplýsingar

---

Varan er skráð hjá Eitrunarmiðstöð LSH.

### Texti allra hættusetninga sem vikið er að á þessu öryggisblaði

H400	Mjög eitrað lífi í vatni
H410	Mjög eitrað lífi í vatni með langvinnnum áhrifum
H50/53	Mjög eitrað vatnalífverum, getur haft skaðleg langtímaáhrif á lífríki í vatni

Útgáfa/Dags.: 1/17.03.2015

Öryggisblað þetta er unnið af Gunnari Þórðarsyni efnaverkfræðingi.

Öryggisblað þetta er byggt á þeirri þekkingu sem fyrir liggur á útgáfudegi þess, um möguleg áhrif efnisins á heilsu, öryggi og umhverfi.

Það felur ekki í sér neina ábyrgð á efniseiginleikum og á einungis við um vöruna eins og hún kemur frá seljanda.

Það er alltaf á ábyrgð notanda vörunnar að nauðsynlegar öryggisráðstafanir séu gerðar og að þær séu í samræmi við gildandi lög og reglugerðir.

Notkun vörunnar er á ábyrgð notanda. Atvinnurekendur bera ábyrgð á útgáfu notkunarleiðbeininga sem eiga við þeirra vinnuumhverfi.

Frumheimild:

**IMCD BENELUX B.V.**  
**SAFETY DATA SHEET** According to Regulation (EC) No. 453/2010  
**ANTRANCINE BHT**

Útgáfa:

19.06.2013 Endurskoðun 5.1

Kemur í stað:

01.07.2012